

Ed.

III. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 500 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að sá, er brotlegur verður gegn samþyktinni, skuli, auk sekta, greiða í viðkomandi bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.